

Nr. 83.
22.
nóvbr.

Lög

um

viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Með hafnarreglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað, er stjórnarráðið gefur út eptir tillögu bæjarstjórnar Akureyrar, má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og leggja sektir við brotum gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. — Fyrirmæli þessi ná einnig til afnota af hafnarvirkjum og öðrum mannvirkjum við höfnina.

2. gr.

Með reglugjörð, er stjórnarráðið staðfestir, getur bæjarstjórnin stofnsett og komið skipulagi á almenna vatnsveitu fyrir kaupstaðinn, og fráræslu.

Þegar þessi fyrirtæki, eða annaðhvort þeirra, er komið til framkvæmdar, má eptir gjaldskrá, er stjórnarráðið staðfestir, leggja almennt gjald til bæjarsjóðsins á notendur fyrir afnot þess. Gjald þetta má taka lögtaki eptir lögum 16. des. 1885.

3. gr.

Nú reynist nauðsynlegt að taka eignarnámi lóðareignir einstakra manna eða önnur rjettindi til almennings nota við höfnina eður skipakvína, eða þurfi að taka óbyggða lóð eða lóðarafnot, til þess að koma í framkvæmd fyrirtækjum þeim, er nefnd eru í 2. gr., og skulu þá eigendur skyldir að láta þær eignir eða rjettindi af hendi við bæjarstjórnina, en greiða skal eigendum fullt endurgjald úr sjóði kaupstaðarins.

Nr. 83. Lög 22. nóvember um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. október 1883.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Nr. 83.
22.
Novbr.

Tillæg til Lov af 8. Oktober 1883 om Bestyrelsen af Købstaden
Akureyris kommunale Anliggender.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I et af Ministeriet efter Forslag af Akureyri Byraad udstedt Havnereglement for Købstaden kan der fastsættes Bestemmelser om Politiopsyn i Havnen samt Bøder for Overtrædelse af Reglementet. Disse Bestemmelser gælde ogsaa for Benyttelse af Havneindretninger og andre til Havnen hørende Anlæg.

§ 2.

Ved et af Ministeriet stadfæstet Reglement kan Byraadet etablere og organisere en almindelig Vandforsyning for Købstaden, samt Afledning af Spildevand (Kloakvæsen).

Naar disse Foretagender eller det ene af dem ere fuldførte, kan der ved et af Ministeriet stadfæstet Takstregulativ for Brugen deraf paalægges Brugerne en almindelig Afgift til Bykassen. Denne Afgift kan inddrives ved Udpantning i Henhold til Lov af 16. Decbr. 1885.

§ 3.

I Tilfælde af at det viser sig nødvendigt til offentlig Brug ved Havnen eller Dokken at ekspropriere private Grunde eller andre Rettigheder eller til Fuldførelse af de i § 2 omhandlede Foretagender at ekspropriere ubebyggede Grunde eller Brug af saadanne, ere Ejerne pligtige til imod fuld Erstatning af Bykassen at afstaa disse Ejendomme eller Rettigheder til Byraadet.

Nr. 83. Lov af 22. November om Tillæg til Lov af 8. Oktober 1883 om Bestyrelsen af Købstaden Akureyris kommunale Anliggender.

Nr. 83.
22.
nóvbr.

4. gr.

Rísi ágreiningur milli bæjarstjórnar og eiganda út af eignarnámi, skal skorið úr ágreiningnum á þann hátt, er fyrir er mælt í lögum nr. 57, 10. nóv. 1905, um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi með fram henni.

Tilnefning matsmanna skal fara fram á þann hátt, er ákveðið er í nefndum lögum

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalínuborg, 22. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 4.

Nr. 83.
22.
Novbr.

Opstaar der i Anledning af Ekspropriation Uenighed mellem Byraadet og Ejeren, skal Spørgsmaalet løses paa den i Lov Nr. 57 af 10. Novbr. 1905 om tvungen Afstaaelse til Akureyri Købstads Byraad af Ejendomsret og andre Rettigheder over Gleraa med tilliggende Land foreskrevne Maade.

Udnævnelse af Vurderingsmænd skal foregaa paa den i bemeldte Lov foreskrevne Maade.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.